

**Ed.**

**4. Frumvarp til laga**

[4. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

37. gr. 1. málsg. 2. málslíður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar, skrásetts skips, bifreiðar eða loftfars, og hennar skal getið á verðlanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verðlanaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til 1. um þinglýsingar. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI. kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til samræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingarlaga.